

Sp.

121. Tillaga til þingsályktunar

[100. mál]

um leit að heitu vatni á Selfossi og að Laugardælum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði gerð leit að heitu vatni í Selfosshreppi og að Laugardælum, og verði sú leit við það miðuð, að möguleikar finnist til að auka hitaveitu til hitunar íbúðarhúsa og iðnaðarframkvæmda á Selfossi.

Greinargerð.

Á Selfossi hefur um alllangt skeið verið hitaveita, sem Kaupfélag Ársnesinga lét byggja. Í nágrenni Selfoss er hin mikla jörð Laugardælir með hjáleigum, og er Laugardælatorfan öll eign kaupfélagsins. Heit laug er í landi hjáleigunnar Þorleifskots. Var þar borað eftir heitu vatni, og var það leitt til Selfoss og í íbúðarhúsin austan Ölfusár. Mjólkurbú Flóamanna hefur einnig haft not af hitaveitu þessari við mjólkuriðnaðinn.

Vestan Ölfusár er hluti Selfosshrepps, og þar er allmikil byggð. Í þeim hluta hreppsins er engin hitaveita, en hins vegar verður þar vart nokkurs hita við yfirborð jarðar. Yfirborðsmælingar hafa nú farið fram og borun til reynslu á einum stað. Er hola sú, sem boruð hefur verið, orðin um 90 metra djúp, og hitinn hefur mælt um 58° C í botninum. Vatn hefur hins vegar ekki komið fram í holu þessari enn þá. Gera má ráð fyrir, að á fleiri stöðum þurfi að bora. Æskilegast væri, að svo öflug lind myndist vestan árinna, að hún nægði byggðinni, sem þar er, og væri auk þess aflgufær til annarra nota.

Samfara jarðhitaleit vestan Ölfusár á Selfossi er einnig mikil nauðsyn, að kannað verði, hvort unnt muni að auka magn heita vatnsins austan árinna, t. d. frá Þorleifskoti. Er með tillögu þessari gert ráð fyrir slíkri rannsókn þar.

Rannsóknir af því tagi, sem hér um ræðir, og síðan hitaveituframkvæmdir eru mjög fjárfrekar. Á Selfossi búa innan við 2000 manns, og er hætt við, að ekki fjölmennara sveitarfélagi geti orðið ofviða svo fjárfrekar framkvæmdir sem hér er um að ræða.

Ekki þarf að lýsa því, hversu dýrmætt það er að finna heitt vatn eða gufu í jörðu og virkja slíka orku. Á Selfossi er mikill og almennur áhugi á því, að takast megi að finna þar hita í jörðu og á þann hátt skapist skilyrði til aukinnar og fjölbreyttari atvinnu. Ef meira heitt vatn næst þar úr jörðu, má telja slíkt undirstöðu þess, að þorpið geti vaxið og blómgað og íbúum fjölgað á komandi tímum. Mætti slík þróun einnig verða hinum frjósömu nágrennasveitum Selfoss til stuðnings á mörgum sviðum.